

Ísafirði 11. ágúst 2021

## Umsögn í Samráðsgátt S-143/2021 Grænbók um fjarskipti

Undirbúningur að nýrri fjarskiptaáætlun, sem Grænbók er hluti af, hefur tekist vel og er til fyrirmyndar fyrir undirbúning áætlana ríkisins almennt. Ferlar málsins hefur gefið sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum færi á að koma að sjónarmiðum á undirbúningsstigi. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur einnig að vel hafi verið staðið í undirbúningi Grænbókar með umfjöllun um einstaka þætti. Vel sé lýst stöðu og aðgerðir sem tryggja eigi samkeppnishæft fjarskiptakerfi og öryggi þess.

Umsögn Fjórðungssambandsins snýr að mestu að þeim þáttum sem varða uppbyggingu fjarskiptanetsins og skipulag þjónustu. Vel hefur verið gert í uppbyggingu þessara kerfa á gildistíma núverandi fjarskiptaáætlunar miðað við þróun árána þar á undan. En halda verður stöðugt á lofti á þá áherslu að tryggja jafnræði íbúa óháð búsetu, í aðgengi að fjarskiptanetinu og tryggi öryggi þeirra heimavið sem og í ferðum íbúa og eða ferðamanna um land og hafsvæði. Sama á við jafnræði fyrirtækja um land allt og hæfi þeirra í samkeppni við önnur fyrirtæki innan sem utanlands

Krafan er að stjórnvöld séu á hverjum tíma að þrýsta á fjarskiptafyrirtæki og eða koma inn með beinum hætti til að tryggja að markmið fjarskiptaáætlunar gangi eftir s.s. að tryggja að ekki séu tafir á uppbyggingu kerfisins. Verður komið inn á nokkra þættir sem Fjórðungssambandið telur að eigi að fái meiri athygli og umfjöllun og varðar hagsmuni samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Þeirri ábendingu er hér einnig komið á framfæri að forðast beri að setja mál til umsagnar þegar sumarleyfistími er hafinn eða gefa þá lengri umsagnarfrest inn í ágústmánuð.

### Stöðumat og lykilviðfangsefni

Tryggja verður að Fjarskiptasjóður sé ekki lagður niður né að dregið sé úr fjárveitingum ef tafir verða á að ljúka verkefnum árið 2022.

#### 3.2.1. Staða á sviði fjarskipta.

Í yfirliti um stöðu á aðgengi að fjarskiptakerfum í byrjun árs 2021 er um 1 % munur á aðgengi að talsambandi á þjóðvegum og 3G netsambandi, netsambandi í vil. Skýra þarf nánar hvernig þessi munur kemur til og hvernig hann skiptist á landssvæði.

#### 3.2.2. Háhraðanet.

Staða háhraðtenginga í þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum er ekki viðunandi og í Hvítbók Fjarskiptaáætlunar verða að liggja fyrir skilgreindar leiðir til að tryggja þéttbýliskjörnum tengingar fyrir árslok 2022. Farið verði nú þegar í að skoða útfærslur á samspili ljósleiðara og 5G tenginga í þessum þéttbýliskjörnum til að flýta uppbyggingu.

Markmið fjarskiptaáætlunar verða þannig betur samþætt markmiðum um eflingu byggðar í áætlunum um málefni sveitarfélaga og í byggðaáætlun.

### 3.2.3. Háhraðafjarnet

Staða háhraðtenginga í þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum er ekki viðunandi og í Hvítbók Fjarskiptaáætlunar verða að liggja fyrir skilgreindar leiðir til að tryggja þeim tengingar eigi síðar en fyrir árslok 2022. Farið verði nú þegar í að skoða útfærslur á samspili ljósleiðara og háhraðafjarnet (5G tenginga) í þessum þéttbýliskjörnum og taka þannig stærri áfanga (tengingar) en með ljósleiðara.

Ekki verði fremur tafir á að byggja upp sambærileg gæði háhraðafjarnets í vegakerfinu og það verði hið sama óháð umferð á vegum þ.e. 30 Mb/s en ekki tímabundið 10 Mb/s. Oft fer saman aukin áhætta á er á ferðum um fáfarna vegi fjarri byggð og eða þar sem vetrarveður leiða til lokunar vega eða ofanflóðahættu. Eins verður að telja að minni kröfur til á gæði sambands skapar og falskt öryggi fyrir vegfarendur.

Mismunur í gæðum háhraðafjarnets búsetuskilyrði samfélaga í dreifðum byggðum og markmið stjórnvalda um jafnræði í aðgengi er enn fremur ekki tryggt í samræmi við áætlanir um sveitarstjórnarstigið og byggðaáætlun. Vísa má einnig til kafla 3.3. Grænbókar þar sem er umfjöllun um mikilvægi gæða háhraðaneta og háhraðafjarneta fyrir samfélag og atvinnulíf í dreifðum byggðum.

### 3.2.4 Ljósleiðarastofnnet og sæstrengir.

Endurnýjun ljósleiðarastrengs sem lagður var til Vestfjarða fyrir rúmum 30 árum (NATO strengur) er orðin brýn og hvatt er til að hraða endurnýjun hans. Rofni strengurinn til langframa þá er rofin hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum, sem óásættanleg staða.

### 3.6. Mat á árangri gildandi stefnu.

Tekið er undir að margt hefur áunnist og tilgreind verkefni eru líkleg til að ná að jafna aðstæður íbúa um land allt, en ekki má slá slöku við til að ná endanlegu takmarki sem sett er í kafla 4.2. um Framtíðarsýn. Öryggi vegfarenda á fjölförnum sem fáförnum vegum eru þar mikilvæg og að uppbygging fjarskiptakerfisins tryggi jafnt aðgengi samfélaga og atvinnulífs um allt land.

### 3.7. Kynja og jafnréttissjónarmið.

Lagt er til að fjallað verði nánar hvernig nýta má niðurstöður rannsóknar á áhrifum verkefnisins Ísland ljóstengt á stöðu jafnréttis kynjanna. Uppbygging atvinnutækifæra fyrir konur sem og möguleikar á störfum án staðsetningar eru þar áhugaverðir, eins aðgengi að þjónustu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga setur þessa umsögn fram með fyrirvara um að koma að málinu að nýju á seinni stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar